

Reglugjörð

3
31. des.

um hafnsögugjöld í Reykjavík.

1. gr.

Öll skip, sem eru 30 smálestir brúttó að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða eigi, skyld að greiða hafnsögugjald í fyrsta sinni á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka Reykjavíkurhafnar. Komi skip oftár á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald nema það noti hafnsögumaun.

Herskip, skemtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hjér á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

2. gr.

Hvert það skip, sem hafnsögumann notar, til hafnarinnar eða frá höfninni, skal greiða hafnsögugjald. Auk þess skal greitt siorstakt gjald fyrir leiðsögu skipa um höfnina, þar á meðal inn í og út úr innri höfninni.

3. gr.

Hafnsögugjald skal greitt á skrifstofu hafnarinnar. Skipstjóri eða formaður ber ábyrgð á greiðslu gjaldanna. Hefir hafnarsjóður haldsrjett yfir skipinu þangað til gjaldið er greitt. —

4. gr.

Hafnsögugjöld renna í hafnarsjóð. Þau má taka lögtaki. Gjöldin skulu greidd þegar hafnarstjóri krefst þess og áður en skipið fer burt af höfninni, og getur enginn skipstjóri vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá lögreglustjóra, nema hann með vottorði hafnarstjóra sanni að hann hafi greitt hafnsögugjald.

5. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Fyrir leiðsögu samkv. 4. gr. reglugjörðar um hafnsögu greiðist:

- a. Fyrir leiðsögu til hafnarinnar 10 aurar á hvert nettó reg. tn. skipsins, þó aldrei minna en 15 krónur.
- b. Fyrir leiðsögu frá höfninni hálf t gjald, þó aldrei minna en 10 krónur.

Fyrir leiðsögu um höfnina, þar á meðal inn og út úr innri höfninni greiðist: 10 kr. fyrir hvert skip, sem er alt að 100 nettó reg. tn. og 2 aurar að auki fyrir hvert nettó reg. tn. fram yfir 100.

Fyrir leiðsögu frá og til nærliggjandi hafna greiðist sú borgun, er hafnarstjóri ákveður í hvert skifti.

6. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 1000 krónum. Sektirnar renna í hafnarsjóð. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

3 Reglugjafi þessi staðfestist hjer með samkvæmt lögum um hafnsögu í Reykjavík frá 31. des. 22. nóvember 1918 til að öðlast gildi 1. janúar 1919, og er hjer með birt til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Islands, 31. des. 1918.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannson.

4
2. jan.

Samþykkt

um lokunartíma sölubúða í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna og kaupfélaga, sem varning selja samkvæmt verslunarleyfi, skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2. og 3. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis, þó með þeim undantekningum, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla og gamlárskvölds skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda opnum búðum til miðnættis.

Á tímabilinu frá 20. júlí til 31. ágúst skal á laugardögum loka búðum eigi síðar en kl. 8 síðdegis.

3. gr.

Akvæði 2. gr. laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar, skulu að því er lokun sölubúða snertir, einnig ná til sumardagsins fyrsta og 2. ágúst. — Ef 2. ágúst ber upp á sunnudag, skulu allar sölubúðir lokaðar 3. ágúst.

4. gr.

Á lokunartíma sölubúða samkvæmt framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum eða annarsstaðar, nema úr sjálföldum, nokkurn þann varning, sem ekkí má selja nema samkvæmt verslunarleyfi.